

**Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir Afmælistjóð Lionsklúbbs Reykjavíkur til styrktar blindum og sjónskertum, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 11. ágúst 1986.

Skipulagsskráin er þannig:

### 200 ára afmæli Reykjavíkurborgar

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Afmælistjóð Lionsklúbbs Reykjavíkur.

#### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Afmælistjóður Lionsklúbbs Reykjavíkur til styrktar blindum og sjónskertum, stofnaður á 200 ára afmæli Reykjavíkurborgar.

#### 2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 50 000,00, gjöf frá líknarsjóði Lionsklúbbs Reykjavíkur.

#### 3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja blinda og sjónskerta Reykvíkinga, einstaklinga, félög eða félagasamtök.

#### 4. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum, tveimur úr Lionsklúbbi Reykjavíkur og skal annar vera formaður sjóðsins, auk þess einum skipuðum af borgarstjórnunum í Reykjavík. Stjórnin skal skipuð til fimm ára í senn.

Hlutverk stjórnarinnar er að ákveða hver styrk hlýtur úr sjóðnum hverju sinni svo og yfirumsjón með ávöxtun sjóðsins, sbr. 5. grein.

#### 5. gr.

Fjárgæsla sjóðsins skal falin sjóðsstjórnardeild Landsbanka Íslands. Sjóðsstjórnin skal sjá um að fé sjóðsins beri hæstu fáanlega vexti á hverjum tíma og skal stjórnin koma saman a. m. k. einu sinni á ári til sérstakra ráðagerða þar að lútandi.

Greinargerð sjóðsstjórnar fylgi jafnan ársreikningum Lionsklúbbs Reykjavíkur.

#### 6. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir af höfuðstól (sbr. 5. gr.) svo og gjafir eða önnur framlög, sem sjóðnum kunna að berast frá félögum í Lionsklúbbi Reykjavíkur eða öðrum.

#### 7. gr.

Úthlutun úr sjóðnum skal fara fram á afmælisdegi Reykjavíkurborgar, 18. ágúst. Úthlutun fer fram á fimm ára fresti, í fyrsta sinn á 205 ára afmæli borgarinnar, hinn 18. ágúst 1991.

Til úthlutunar komi  $\frac{2}{3}$  hlutar vaxta undanfarinna fimm ára, en  $\frac{1}{3}$  hluti vaxtanna skal jafnan lagður við sjóðsupphæð.

#### 8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.